

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	12.4.2016	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Primex, Siglufirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Óskargötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	681197-2819	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðný Helga Kristjánsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rúnar Marteinson	<b>Staðsetning</b>	504514,193 628305,621

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi sem gefið var út 3ja júní 2015 og gildir til 3. júní 2031. Minnt var á skiladaga skv. því.

Engar breytingar hafa orðið á rekstinum frá síðasta eftirliti, hvorki hvað varðar vinnslu hráefnis né flutning aðfanga.

Enga óæskilega lykt var að finna við verksmiðjuna, hvorki innan dyra né utan. Gæði hráefnis hafa verið góð og lykt frá verksmiðjunni því ekki verið vandamál.

Sigti er á frárennsli frá öllum tönkum og liggur frárennislögn 26 m út í fjörðinn og 12m niður undir yfirborð sjávar. Greina mátti uppstreymi þar sem lögnin opnast út í sjó, en ekki var að sjá grugg, lit eða fitubrák við uppstreymið. Ekki var óeðlilega mikið af fugli við útrásina og ekki var að sjá merki um uppsöfnun í fjöruborðinu.

Engin spilliefni eru á svæðinu, önnur en úrgangsolía frá vinnutækjum og fer hún í söfnunartank sem staðsettur er á hafnarvæðinu.

Rekstraraðili gerði mælingar á hávaða þann 13. janúar sl. skv. gr. 2.14 og gr. 3.1 í starfsleyfi og voru þær mælingar innan marka reglugerðar 724/2008 um hávaða. Vatnssýni skv. gr. 3.3 í starfsleyfi voru tekin nú í apríl og verða niðurstöður þeirra mælinga sendar eftirlitsaðila.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið hjá rekstraraðila frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Starfsmenn hafa hlotið góða þjálfun í meðferð mengandi efna og eru endurmenntunarnámskeið haldin að jafnaði annað hvert ár.

Rannsóknir við próteinverkefni sem miðar að því að vinna prótein úr frárennsli, er enn í gangi en verið er að leita leiða til að aðskilja það frá öðrum frárennslisefnum.

Gengið var um verksmiðjuna og nánasta umhverfi. Var lóð rekstraraðila snyrtileg á að líta.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Rekstraraðili minntist á að til stæði að reisa dælustöð fyrir frárennsli bæjarfélagsins og ef til þess kemur þá opnast sú frárennislögn í straumínunni fyrir framan útrás rekstraraðila. Hefur rekstraraðili áhyggjur af því að það muni koma til með að hafa áhrif á niðurstöður mælinga rekstraraðila en verður fylgst með hvort óeðlilegar breytingar komi fram í niðurstöðum mælinga eftir að dælustöðin tekur til starfa.

Reykjavík, 13.04.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

*C. Stella Arnadóttir*

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Guðbjörg Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir